

Próunarsjóður grunnskóla í Garðabæ

Lokaskýrsla verkefnis 2023-2024

Rafrænn verkefna og prófabanki

Inngangur

Verkefnið í hnotskurn: Verkefninu var ætlað að færa próf og verkefni yfir á rafrænt form innan Innu. Það auðveldar nemendum að þreyta verkefnin og auðvelda yfirferð á verkefnum og prófum á dönsku.

Undirbúningur og samstarf

Í byrjun var aðaláhersla að vinna gömul próf og breyta þeim þannig að hægt væri að taka þau rafrænt í gengum Innu.

Þátttakendur sem komu að verkefninu voru

- Erla Hrönn Randversdóttir dönskukennari og verkefnastjóri.
- Aðrir dönskukennarar í Garðaskóla voru Elísa Dögg Helgadóttir, Guðný Rut Gylfadóttir og Vigdís Thordersen.
- Kristjana Fjóra Sigursteinsdóttir, deildarstjóri og Ingibjörg Anna Arnarsdóttir, verkefnastjóri og enskukennari voru innan handar þegar hafa þurft samband við Innu.

Lýsing á framgangi verkefnisins

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun voru auðvitað til staðar. Ávinningurinn var samt sem áður það mikill að ákveðið hefur verið að halda áfram með verkefnið. Nú eru ekki bara einstök próf lögð fyrir rafrænt heldur flest.

Framkvæmd á verkefninu

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Umfang verkefnisins var ývið meira en gert var ráð fyrir í byrjun þar sem að mörgu þurfti að hyggja til þess að svo stórt verkefni gengi upp. Vinna sem ætluð var samhliða öðrum störfum verkefnastjóra varð töluvert mikið meiri í heild gekk verkefnið vel. Starfsmenn rákust á hindranir í Innu, s.s. eins og að aðeins sá sem býr til verkefnin eins og prófaspurningarnar, getur breytt þeim. Þetta er slæmt að því leiti að þá liggur hvílir lang mesta vinnan á einum og sama starfsmanninum. Í stað þess að ef að fleiri gætu breytt þeim spurningum, sem þeir ætla að nota, ef þeir rekast á villur sem þeir vilja laga eða annað. Mikilvægt var að allir nemendur hefðu aðgang að tölvum þegar að prófi kom og þá rákumst við á það að það var eingöngu hægt að læsa tölvunum ef haft var samband við tölvudeild Garðabæjar. Með mörg próf í gangi á sama tíma og oft á dag, var þetta vandamál sem leyst var með því að kennari hafði yfirsýn yfir allar tölvur í kennslustofunni og ef nemandi gerðist sekur um að fara á aðra síðu fékk viðkomandi D. Það kom aldrei til.

Árangur verkefnis

Garðaskóli er með sérstöðu þar sem hann er fjölmennur unglingaskóli og þurfti að koma til móts við þarfir nemenda. Þetta verkefni gerði það kleift. Ávinningur verkefnis fyrir skólann er mikill, þetta verkefni auðveldaði kennurum yfirferð, þar sem að hún er tímafrekur og stór hluti vinnu tungumálakennara. Það auðveldaði nemendum að vinna verkefnin, þeir urðu jákvæðari gagnvart náminu og fengu niðurstöður fyrir úr prófum. Með þessum kennsluáðferðum var verið að nýta tæknina og koma þannig til móts við unglinga á þeirra forsendum. Pappírssparnaður var mikill og því var verkefnið jákvætt varðandi umhverfissjónarmið.

Umfang verkefnisins var ývið meira en gert var ráð fyrir í byrjun þar sem að mörgu þurfti að hyggja til þess að svo stórt verkefni gengi upp. Vinna sem ætluð var samhliða öðrum störfum verkefnastjóra varð töluvert mikið meiri í heild gekk verkefnið vel. Starfsmenn rákust á hindranir í Innu, s.s. eins og að aðeins sá sem býr til verkefnin eins og prófaspurningarnar, getur breytt þeim. Þetta er slæmt að því leiti að þá liggur hvílir lang mesta vinnan á einum og sama starfsmanninum. Í stað þess að ef að fleiri gætu breytt þeim spurningum, sem þeir ætla að nota, ef þeir rekast á villur sem þeir vilja laga eða annað. Mikilvægt var að allir nemendur hefðu aðgang að tölvum þegar að prófi kom og þá rákumst við á það að það var eingöngu hægt að læsa tölvunum ef haft var samband við tölvudeild Garðabæjar. Með mörg próf í gangi á sama tíma og oft á dag, var þetta vandamál sem leyst var með því að kennari hafði yfirsýn yfir allar tölvur í kennslustofunni og ef nemandi gerðist sekur um að fara á aðra síðu, á meðan á prófi stóð, fékk viðkomandi D. Það kom aldrei til.

Afurðir verkefnisins

Eftir situr að verklag kennslunnar verður breytt. Nýbreytnin í skólastarfinu felast í verkefninu. Að koma prófum á rafrænt form sem gefur meiri möguleika á að nútímavæða prófa- og verkefnauppsetningu. Breytingar á uppsetningu verkefna verða þar af leiðandi einfaldari og auðveldara verður að koma inn nýju kennsluefni. Mat á verkefninu um það hvort markmiðum verkefnisins hafi verið náð, hefur speglast í nemendum og kennurum okkar. Ég finn það nú þegar að nemendur og kennarar eru ánægðir með vinnulagið en það þarfnast áframhaldandi vinnu, leiðréttingar á eldri verkefnum og uppsetningu á nýjum.

Uppgjör kostnaður:

Styrkur verður nýttur sem laun verkefnastjóra, einnig fá aðrir dönskukennarar innan Garðaskóla að njóta góðs af honum.

Heildarupphæð styrks: 1.000.000 kr.-

Sundurliðun á ráðstöfun styrksins:

Dagsetning	Kostnaðarliður	Upphæð
11.11.2024	Laun verkefnastjóra, Erla Hrönn Randversdóttir og annarra dönskukennara í Garðaskóla	1.000.000,-

Lokaorð

Ég hef unnið við að setja upp verkefni og próf á rafrænt form á Innu síðan 2021, verkin voru unnin jafnt og þétt. Vinnan hófst árið 2021 og hefur verið unnin aðallega utan, en einnig á, vinnutíma síðan. Þetta er tímafrek vinna þar sem verið er að leita lausna við verkefna og prófa uppsetningu á rafrænan hátt inn á Innu, til að breyta prófa og verkefna fyrirkomulagi. Unnið hefur verið upp úr gömlum prófum, þeim breytt jafnóðum sem og orðalagi, uppsetningu o.fl. Verið er að koma námsefni jafnt og þétt, sem áður hefur verið á pappír, yfir á rafrænt form. Eftir situr að verklag kennslunnar verður breytt, kennarar og nemendur eru ánægðari, niðurstöður berast fyrir og áfram verður haldið með þessa vinnu sem er engan vegin lokið.

11.11.2024, Erla Hrönn Randversdóttir

dags. nafn verkefnisstjóra

11.11.2024 Jóhann Skagfjörð

dags. nafn skólastjóra ábyrgðarskóla